

PESSI DRÖG VORU LESIN EN ALDREI BORIN UPP TIL
ATKVÆÐAGREIÐSLU

Drög að ályktun landsfundar Kvennalistans 13. -15. nóv.
1987.

Takmark Kvennalistans er að breyta samféluginu þannig að virðing fyrir lífi og samábyrgð sitji í fyrirrúmi. Til að ná þessu marki þurfa að verða stórfelldar breytingar á því hugarfari sem nú virðist ráða mjög ferð í þjóðfélagi okkar. Hugarfari sem birtist í óhóflegri dýrkun á veraldlegum gæðum og einkapoti á kostnað samábyrgðar, virðigar og umhyggju fyrir þörfum annarra.

Kvennalistinn varar alvarlega við hættunni sem í þessu felst og telur brýna nauðsyn bera til að snúið verði af þessari braut sem fyrst og áður en samfélgið ber meiri skaða en orðið er.

Þensla á öllum sviðum efnahagslífs og aukinn hagvöxtur á undanförnum misserum hefur engan veginn skilað sér til þjóðarinnar. (Þar hafa konur orðið verst úti.) Með hagvexti er ekki metin líðan fólks heldur söfnun veraldlegra gæða.

Samstaða þeirra aðila sem ráða ferð í samningum um kaup og kjör virðist órofa, um að viðhalda óréttlátri skiptingu tekna þjóðarinna og að halda launum og kjörum kvenna í algjöru lágmarki. Konur fá þar enn ekki rönd við reist.

Á sama tíma svíkur hver ríkisstjórnin á fætur annarri gert samkomulag við launafólk, rýfur tengsl framfærslukostnaðar og launa, og lætur þannig almennt launafólk bera uppi óráðsiu, fyrirhyggjuleysi og umframeyðslu valdhafa.

Ríkisvald það sem nú situr hefur á sama hátt svikið gefin fyrirheit um að hafa hemil á þenslu og verðbólgu og gengið sérstaklega fram fyrir skjöldu til að skerða kjör fjölskyldna launafólks með verðhækkunum og meiri skattheimtu á nauðsynjum en dæmi eru um áður.

Aleiðingarnar blasa hvarvetna við:

Ójöfnuður eykst og fleiri verða fátækir.

Fjölskyldur flosna upp og missa heimili sín.

Vinnutími lengist og samverutími fullorðinna og barna styttist að sama skapi. Þetta hefur afdrifarík og óafturkræf áhrif á þær kynslóðir barna sem nú alast upp.

Öryggisleysi barna og aldraðra eykst sífellt.

Á sama tíma er miklum fjármunum eytt í alls kyns fánýti og glæsihallir. Á meðan ríkir geigvænlegur og vaxandi skortur á úrræðum fyrir þá sem standa utan þess fámenna hóps sem nýtur ávaxta fjárfestinganna. Það parf skilning og vilja til að horfast í augu við staðreyndir og bregðast við og snúa af þessari leið.

Einhagsmunahyggja og skammsýni með sókn í stundargróða hefur þegar leitt til mengunar okkar viðkvæma og dýrmæta lands. Þar verður strax að bregðast við til verndar og úrbóta. Okkur ber að líta á náttúrugæðin sem lán frá afkomendum okkar en ekki sem gjöf frá gengnum kynslóðum.

Virðing fyrir lífi og ræktun friðar í samskiptum manna er forgangsverkefni í heimi hernaðarhyggju. Skefjalaus sóun fjármuna til vígbúnaðar hefur leitt til kreppu í efnahagskerfi heimsins og m.a. knúið valdhafa til afvopnunar. Konur una ekki því siðleysi og gildismati sem ráðið hefur vígbúnaðarkapphlaupi í svæltandi heimi. Friður til frambúðar hlýtur að byggjast á uppeldi til friðar sem glæðir friðsamt hugarfar alls þorra manna. Hvert og eitt okkar parf að líta sér nær.

Ef hugsunaráttur þeirra sem vilja fórna hag heildarinnar fyrir eigin stundarhagsmuni nær að festa enn frekar rætur í þjóðfélaginu en nú, er framtíð okkar allra stefnt í hættu.

Þjóð sem talin er 6. ríkasta þjóð í heimi en lætur sér sæma vaxandi misrétti og virðingarleysi gagnvart lífi og nánasta umhverfi er með sanni fátæk í anda.

Þannig viljum við ekki vera.

Við þörfumst ríkari áherslu á samvinnu og samhjálp í stað samkeppni, samábyrgðar í stað einhagsmunahyggju.

Til þess að ná þessum markmiðum verða kvenfrelsissjónarmið að verða stefnumótandi afl í samfélginu. Þess krefjumst við.

Landsfundur Kvennalistans samþykkir að halda á sumri komandi ráðstefnu um landsbyggðamál. Þar yrði rætt hvernig konur geta stutt hver aðra til að bæta stöðu sína og landsbyggðarinnar í heild.

Áhersla yrði lögð m.a. á atvinnumál, bæði landbúnað og sjávarútveg, menningar- og menntamál.